



Rannsóknasetur
verslunarinnar

Háskólinn á Bifröst

Ferðamannaverslun í kjölfar efnahagssamdráttar



Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður	3
Inngangur	4
1. Verslun erlendra ferðamanna á Íslandi	4
1.1 Fjöldi ferðamanna til Íslands og greiðslukortavelta þeirra	4
1.2 Tekjur af erlendum ferðamönnum	6
1.3 Tax-free	7
1.4 Horfur fyrir 2009	8
2. Ferðir Íslendinga erlendis	9
2.1 Tax-free verslun Íslendinga erlendis	10
2.2 Horfur fyrir 2009	11
3. Áhrif breyttra ferðavenja á íslenska verslun og þjónustu	11
3.1 Tekjur af erlendum ferðamönnum á Íslandi	11
3.2 tilfærsla á ferða- og verslunarútgjöldum landsmanna til Íslands	11

Útgefandi: Rannsóknasetur verslunarinnar við Háskólann á Bifröst
Höfundur: Emil B. Karlsson
Mars 2009

Mynd á kápu: Auglýsingamynd frá M-Design (www.cold.is)

Helstu niðurstöður

- Á síðasta ársfjórðungi ársins 2008 fækkaði erlendum ferðamönnum til Íslands miðað við sama ársfjórðung ársins á undan um 1,3%. Hins vegar varði hver erlendur ferðamaður að jafnaði meira en helmingi hærri upphæð í neyslu hér á sama tímabili ef miðað er við greiðslukortanotkun þeirra hér á landi.
- Neysluútgjöld erlendra ferðamanna á síðasta ársfjórðungi síðasta árs var 148,7% meiri en á síðasta ársfjórðungi árið áður samkvæmt upplýsingum Seðlabanka Íslands.
- Flestir erlendra ferðamannamanna sem koma til Íslands eru Norðurlandabúar. Töluverður vöxtur var í verslun Færeyinga og Rússa á svokölluðum tax-free varningi í lok ársins.
- Söluverðmæti þess sem útlendingar keyptu hér á síðasta ársfjórðungi 2008 með tax-free skilmálum hjá Iceland Refund var 227% hærri en árið áður og fjöldi sölueyðublaða sem afgreidd voru meira en tvöfalduðust þegar borin eru saman sömu tímabil.
- Veltuaukning hjá Global Refund á sama tímabili nam 126% og alls nam aukningin 62,4% milli árana 2007 og 2008.
- Mest var keypt af tískufatnaði, útivistarfatanði, ullarvörum, minjagripum úr og skartgripum með tax-free fyrirkomulagi.
- Gert er ráð fyrir álfka mörgun erlendum ferðamönnum til Íslands á árinu 2009 og komu til landsins í fyrra.
- Ferðum Íslendinga til útlanda fækkaði um 10% árið 2008 miðað við árið áður. Mest munar um fækkun síðustu þrjá mánuði ársins en þá fækkaði brottförum um helming á milli ára.
- Á fyrstu tveimur mánuðum ársins 2009 fækkaði ferðum Íslendinga til útlanda um 47% og heimsóknum erlendra ferðamanna um 5,8% miðað við sömu mánuði árið áður.
- Greiðslukortanotkun Íslendinga erlendis dróst saman um 39,6% á síðasta ársfjórðungi 2008 miðað við sama tíma 2007.
- Samdráttur í ferðaútgjöldum Íslendinga erlendis var 12,3% á síðasta ársfjórðungi 2008 frá árinu áður samkvæmt Seðlabanka Íslands.
- Síðustu fjóra mánuði ársins varð að jafnaði samdráttur um 64% í þeim upphæðum sem Íslendingar eyddu í tax-free verslun í Danmörku.
- Spáð er að aukin neysla á Íslandi 2009, vegna breytinga á efnahagsástandi og ferðalögum, verði 32 milljarðar kr. Af þeirri upphæð verði 6,4 milljörðum varið til íslenskrar verslunar.

Inngangur

Tilgangur þessarar samantektar er tvíþættur: Annars vegar að gera grein fyrir breytingum á verslun Íslendinga erlendis á síðasta ári og hins vegar að gera grein fyrir breytingum á verslun erlendra ferðamanna hér á landi á sama tíma. Að lokum er sett fram spá um hvaða áhrif hið breytta verslunarmynstur íslenskra og erlendra ferðamanna mun hafa á verslun hér á landi árið 2009.

Aðdragandinn að þessu verki eru þær breytingar sem urðu í fjármálalífi Íslands þegar bankakerfið hrundi í október 2008, mikil veiking íslensku krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum og breyttar neysluvenjur sem urðu í kjölfarið. Fækkun varð í ferðum Íslendingum til annarra landa og strax varð vart við aukna verslun útlendinga hér á landi sem nýttu sér veikt gengi krónunnar.

Mikil óvissa er í þeim spám sem hér er sett fram og allt eins hægt að tala um ágiskun eins og spá. Ýmsar þær forsendur sem hér eru notaðar til grundvallar geta breyst mjög hratt. Til dæmis gæti styrking krónunnar haft töluverð áhrif og ætla má að ekki verði jafn hagstætt fyrir útlendinga að versla hér á landi í lok þessa árs eins og á sama tíma á síðasta ári. Auk þess skiptir miklu máli hvernig þróun efnahags- og gengismála verður í þeim löndum sem Íslendingar heimsækja mest og í heimalöndum þeirra erlendu ferðamanna sem hingað koma helst. Þá er hæpið að gera ráð fyrir því að þeir fjármunir sem Íslendingar hefðu ella varið í ferðum erlendis flytjist óskertir í innlenda neyslu.

1. Verslun erlendra ferðamanna á Íslandi

1.1 Fjöldi ferðamanna til Íslands og greiðslukortavelta þeirra

Á síðasta ársfjórðungi ársins 2008 varð nokkur fækkun erlendra ferðamanna til Íslands miðað við sama ársfjórðung ársins á undan. Hins vegar varði hver erlendur ferðamaður að jafnaði meira en helmingi hærri upphæð í neyslu hér á síðusta ársfjórðungi 2008 miðað við sama tímabil 2007 samkvæmt greiðslukortanotkun þeirra hér á landi.

Samkvæmt skráningu Ferðamálastofu fækkaði erlendum gestum sem fóru frá Leifsstöðu um 1,26% á tímabilinu október – desember 2008 miðað við sama tímabil árið áður. Í þessum tölum er ekki gerður greinarmunur á ferðamönnum sem koma hingað til lands í stuttan tíma og útlendinga sem hér starfa. Þannig er um vissa ónákvæmni að ræða. Athyglisvert er hins vegar að allt bendir til þess að þeir erlendu ferðamenn sem hingað komu á síðasta ársfjórðungi 2008 hafi komið hingað til að kaupa vörur og þjónustu, þó líklega aðallega dýrari neysluvörur. Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands var greiðslukortavelta erlendra greiðslukorta hér á landi síðustu þrjá mánuði ársins 2007, 3.125 millj. kr. en sömu mánuði árið 2008 var þessi upphæð 4.711 millj. kr. og hækkaði því um 50,75% á milli ára. Ef þetta viðmið er notað hefur hver erlendur ferðamaður að jafnaði greitt 39.015 kr. á síðasta ársfjórðungi 2007 með greiðslukorti sínu hér á landi en 59.567 kr. árið 2008, sem nemur næstum 53% aukningu á hvern ferðamann. Ekki er hægt að greina skiptinguna á milli þess sem greitt er fyrir í verslun, gistingu, veitingahús eða annað. En samkvæmt upplýsingum frá


Ferðamálastofu má ætla að árið 2006 hafi um 15% innlendrar neyslu erlendra ferðamann hér á landi verið varið í verslun. Þetta hlutfall hefur tvímælaust aukist og er hér að neðan áætlað vera um 20%.

Erlend greiðslukort, innanlands, millj. kr.				Erlendir ferðamenn frá Keflavíkurlflugvelli, fjöldi			
	2007	2008	Breyting		2007	2008	Breyting
Janúar	920	873	-5,1%	Janúar	18.810	20.289	7,9
Febrúar	1.097	795	-27,5%	Febrúar	17.647	20.312	15,1
Mars	934	1.004	7,5%	Mars	23.700	25.619	8,1
Apríl	1.094	1.170	6,9%	Apríl	27.664	26.085	-5,7
Maí	1.303	1.225	-6,0%	Maí	34.256	36.024	5,2
Júní	1.861	2.368	27,2%	Júní	55.727	55.978	0,5
Júlí	2.871	3.902	35,9%	Júlí	80.761	81.267	0,6
Ágúst	3.442	3.906	13,5%	Ágúst	81.271	83.967	3,3
September	2.003	2.505	25,1%	September	39.065	43.907	12,4
Október	1.267	1.788	41,1%	Október	34.175	32.826	-3,9
Nóvember	982	1.476	50,3%	Nóvember	23.109	24.376	5,5
Desember	876	1.447	65,2%	Desember	22.814	21.885	-4,1
Samtals:	18.650	22.459	20,4%	Samtals:	458.999	472.535	2,9

Heimild: Hagstofa Íslands og Ferðamálastofa

Eins og fram kemur á skýringarmyndinni hér að neðan eru Norðurlandabúar fjölmennastir meðal erlendra ferðamannanna sem koma til Íslands. Af einstökum þjóðum Norðurlandanna eru Danir og Norðmenn fjölmennastir. Áberandi fjölgun ferðamanna var frá Skandinavíu á síðustu mánuðum ársins, samkvæmt talningu Ferðamálastofu. Þá var einnig áberandi fjölgun í komu erlendra ferðamanna frá Hollandi og Frakklandi síðustu mánuði ársins miðað við sömu mánuði árið áður. Þá er athyglisvert að tölurverður vöxtur var í verslun Færeyinga og Rússa á svokölluðum tax-free varningi í lok ársins.

Þegar borinn er saman fjöldi erlendra ferðamanna sem hingað kom á árunum 2007 og 2008 sést að aðeins er fjölgun meðal þeirra sem komu frá Evrópu (utan Skandinavíu) og „öðrum þjóðum“.



Heimild: Ferðamálaráð Íslands

1.2 Tekjur af erlendum ferðamönnum

Samkvæmt mælingu Seðlabanka Íslands voru tekjur af erlendum ferðamönnum hér á landi 34.550 millj. kr. árið 2007 og 51.290 millj. kr. árið 2008, sem er aukning um 48,5%.¹

Mismunur jókst eftir því sem leið á árið eins og kemur fram í töflunni hér að neðan. Þannig var 14,8% aukning í þessum tekjum ef bornir eru saman fyrstu ársfjórðungar þessara tveggja ára en 148,7% ef síðustu ársfjórðungar eru bornir saman.

Tekjur af erlendum ferðamönnum			
Ársfjórðungar	Neysla innanlands í millj. kr.		Breyting (%)
	2007	2008	
4	6.344	15.776	148,7%
3	15.531	20.379	31,2%
2	8.098	9.880	22,0%
1	4.577	5.255	14,8%
Alls	34.550	51.290	48,5%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Ekki eru til skýrar vísbendingar um hvernig tekjur af erlendum ferðamönnum skiptast milli einstakra þjónustupátta og verslunar hér á landi. Þó má ætla að sú mikla aukning sem varð í tekjum af erlendum ferðamönnum á síðari hluta ársins 2008 sé aðallega vegna verslunar eins og nánar er lýst í næsta kafla um tax-free verslun. Þó er vert að benda á að Hagstofan vinnur nú að lokafrágangi á svokölluðum Ferðapjónustureikningi þar sem fram kemur skipting einstakra útgjaldaliða erlendra ferðamanna hér á landi. Áætlað er að Ferðapjónustureikningur verði birtur í lok mars 2009.

Fyrsti Ferðapjónustureikningur Hagstofunnar var gefinn út 10. október 2008 og náði til áraanna 2000 – 2006. Þar er áætlað að árið 2003 hafi erlendir ferðamenn varið 5.900 millj. kr. til þáttarins *Ýmis verslun tengd ferðapjónustu* á verðlagi þess árs. Ætla má að þar sé um að ræða minjagripaverslun, íslenska hönnun, ullarvörur, verslun í söluskálum og annað sem er ætlað ferðamönnum. Samkvæmt upplýsingum frá stjórnendum þeirra tveggja fyrirtækja sem annast tax-free endurgreiðslur varð sú mikla aukning í verslun erlendra ferðamanna í lok ársins 2008 mest í tísku- og útivistafatnaði og skarti. Þannig má ætla að neyslumynstrið hafi breyst töluvert frá árinu 2003 þegar ferðamenn komu ekki í beinar verslunarferðir eins og raunin varð í lok 2008 og því hæpið að miða við að enn sé sama skipting á einstökum neysluþáttum.

Þá má geta þess að útlendingar keyptu nokkurn fjölda notaðra bíla úr landi í kjölfar efnahagshrunsins og gengisfalls krónunnar en ekki er fjallað um það í þessari skýrslu.

¹ Hér er átt við neyslu erlendra ferðamanna innanlands án fargjalda til og frá landinu. Upplýsingarnar byggja á greiðslukortanotkun og gjaldeyrisyfirfærslu í bönkum.

1.3 Tax-fee

Erlendir ferðamenn geta fengið endurgreiddan hluta af virðisaukaskatti af vörum sem hér eru keyptar þegar þeir yfirgefa landið. Þetta fyrirkomulag er nefnt tax-free verslun. Hér á landi eru starfrækt tvö fyrirtæki sem annast tax-free endurgreiðslu Global Refund og Iceland Refund. Talsmenn beggja þessara fyrirtækja segja algera sprengingu hafa orðið í tax-free sölu á seinni hluta ársins 2008 hér á landi og að sama skapi dregist saman meðal Íslendinga sem hafi verslað tax-free erlendis. Þau gögn sem Rannsóknasetur verslunarinnar fékk frá þessum tveimur fyrirtækjum eru trúnaðargögn vegna samkeppnissjónarmiða og ekki heimilt að birta upphæðir í krónutölum heldur aðeins hlutfallstölur.

Samkvæmt yfirliti yfir endurgreiðslur hjá Iceland Refund jókst söluverðmæti þess sem útlendingar keyptu hér á síðasta ársfjórðungi 2008 miðað við sama ársfjórðung árið áður um 227% og fjöldi sölueyðublaða sem afgreidd voru meira tvöfaldaðist þegar borin eru saman sömu tímabil. Söluverðmætið síðustu fjóra mánuði ársins 2008 nam 81% af heildarsöluverðmætinu allt árið 2007.

Hlutfall þeirra vörutegunda sem seldar voru hvort árið 2007 og 2008 breyttist ekki mikið. Stærstur hluti þess sem útlendingar keyptu með tax-free skilmálum er tískufatnaður, útivistarfatnaður, ullarvörur, minjagripir og úr og skartgripir.

Ferðamenn frá Danmörku, Noregi og Bandaríkjunum keyptu tax-free vörur fyrir hæstar upphæðir hér á landi á síðasta ári samkvæmt sölutölum Iceland Refund. Þar á eftir koma Þjóðverjar, Svíar og Bretar.

Mismunandi er hvert meðaltal þeirra upphæða er sem ferðamenn frá einstökum löndum verja til kaupa á tax-free vörum hér á landi. Samkvæmt upplýsingum frá Iceland Refund eru meðaltalsupphæðir sem hver ferðamaður frá viðkomandi landi keypti tax-free vörur fyrir árið 2008 hér á landi í þeirri röð sem talið er upp í töflunni hér að neðan. Einnig eru sýndar breytingar á meðaltalsupphæðinni frá árinu 2007.

Velta tax-free varnings á Íslandi 2008

Þjóðerni	Breyting frá 2007
1. Danmörk	32%
2. Færeyjar	?
3. Rússland	19%
4. Noregur	30%
5. Sviss	13%
6. Holland	12%
7. Bandaríkin	17%
8. Þýskaland	18%
9. Svíþjóð	17%
10. Bretland	2%
11. Holland	12%

Taflan sýnir röðun þjóðerna eftir meðalverslun hvers einstaklings frá viðkomandi landi. Þannig var meðaltalsverslun danskra ferðamanna mest hér á landi, þá Færeyinga, Rússa o.s.frv. Taflan sýnir einnig breytingu frá árinu 2007. Miðað er við tax-free sölu sem Iceland Refund annaðist.

Heimild: Iceland Refund

Samkvæmt upplýsingum frá hinu fyrirtækinu sem annast tax-free þjónustu við erlenda ferðamenn hér á landi, Global Refund, varð mikil aukning í lok 2008. Þannig nam aukning í sölu á tax-free varningi á síðasta ársfjórðungi 2008 126% miðað við sama ársfjórðung árið áður. Ef bornar eru saman heildarsölutölur á tax-free varningi hjá Global Refund nam aukningin 62,4% milli ára 2007 og 2008.

Að sögn forsvarsmanns Global Refund voru það ferðamenn frá Danmörku, Noregi, Bandaríkjunum og Bretlandi sem eyddu hæstu upphæðum í kaup á tax-free vörum hér árið 2008 með milligöngu Global Refund.

1.4 Horfur fyrir 2009

Sú mikla aukning í útgjöldum erlendra ferðamann hér á landi veða að einhverju leyti á mótinu innlendri neyslu fyrir verslun og ferðapjónustu. Þær verslanir sem mest hafa orðið fyrir samdrætti í efnahagsþrengingum þjóðarinnar eru verslanir sem selja dýran varning, hvort sem eru daglegar neysluvörur, fataverslun eða verslun með varanlegar neysluvörur. En það er einmitt þessi tegund verslunar sem hefur notið góðs af aukinni veltu erlendra ferðamanna.

Óvarlegt væri að spá áframhaldandi aukningu í verslun erlendra ferðamanna hér á landi. Ástæður þess eru eftirtaldar:

- Við hrun íslensku bankanna í október veiktist íslenska krónan mjög hratt gagnvart öðrum gjaldmiðlum og erlendir bankar seldu íslenskar krónur nánast á útsölu. Þetta var mikill hvati fyrir útlendinga til að koma í verslunarferðir til Íslands. Íslenskan krónan hefur náð að styrkjast töluvert síðan þetta var og samkvæmt nýrri þjóðhagsspá mun krónan styrkjast gagnvart helstu gjaldmiðlum á þessu ári. Spáð er að gengisvísitalan verði 203,5 stig á þessu ári að jafnaði, sem felur í sér nokkra styrkingu innan ársins, og að vísitalan verði 178,5 stig að jafnaði árið 2010. Þannig dregur úr hagkvæmni þess fyrir útlendinga að koma hingað til að gera góð kaup vegna veiks gengis krónunnar, þó vissulega sé það enn mun hagstæðara fyrir útlendinga en fyrir ári síðan.
- Mikill efnahagssamdráttur hefur orðið í heimalöndum þeirra sem helst hafa komið hingað til að versla vegna hagstæðs gengis. Því er spáð að einkaneysla í þessum löndum dragist saman og ferðalögum fækki.
- Vöruverð hefur hækkað mikið að undanfögnu hér á landi í samræmi við þróun gengis. Endurnýjun á vöruþyngdum í verslunum hefur í för með sér að verð hækkar og ekki verður eins hagkvæmt fyrir útlendinga að koma hingað í verslunarferðir og í lok 2008 þegar seldar voru vöruþyngdum sem verslanir keyptu fyrir gengishrunið.
- Samkvæmt talningu Ferðamálastofu fækkaði heimsóknnum erlendra ferðamanna um Leifsstöð á tveimur fyrstu mánuðum 2009 um 5,8% miðað við sömu mánuði árið áður.

- Gjaldmiðlar hinna Norðurlandanna sem ekki eru tengdir evru hafa einnig veikst og því reyna þessar þjóðir einnig að lokka til sín neytendur frá evrusvæðunum til að koma og gera góð kaup. Þannig má gera ráð fyrir samkeppni á milli Norðurlandanna og fleiri ríkja um að laða til sín erlenda ferðamenn í innkaupaferðir.
- Samkvæmt upplýsingum frá Ferðamálastofu gera evrópsk ferðamálayfirvöld ráð fyrir miklum samdrætti í ferðalögum Evrópubúa milli landa 2009.
- Þrátt fyrir samdrátt í verslun um allan hinn vestræna heim virðist sem netverslun haldi áfram að vaxa í öðrum löndum en á Íslandi ef dæma má af fréttum. Þannig telja t.d. Svíar að efnahagslæggðin hafi örvandi áhrif á netverslun til viðskiptavina í öðrum löndum. Þessu er öfugt farið hér á landi þar sem mikill samdráttur er í netverslun.

Samkvæmt áætlunum Ferðamálastofu er gert ráð fyrir álíka mörgum erlendum ferðamönnum til Íslands á árinu 2009 og komu til landsins í fyrra. Ekki er talið raunhæft að fjölgun verði í komu erlendra ferðamanna hingað vegna efnahagsástandsins meðal þeirra þjóða sem helst sækja Ísland heim.

2. Ferðir Íslendinga erlendis

Samkvæmt upplýsingum frá Ferðamálastofu fækkaði brottförum Íslendinga milli árána 2007 og 2008 um 10%. Mest munar um fækkun sem varð síðustu þrjá mánuði ársins, október til desember, en þá fækkaði brottförum um helming, úr 113 þúsundum árið 2007 í 61 þúsund árið 2008. Þessi þróun virðist halda áfram í byrjun árs 2009 því samkvæmt talningu Ferðamálastofu fækkaði ferðum Íslendinga um 47% á fyrstu tveimur mánuðum ársins miðað við sömu mánuði árið áður.

Greiðslukortanotkun Íslendinga erlendis gefur góða vísbendingu um þróun verslunar landsmanna í útlöndum. Þar eru ekki meðtaldar greiðslur vegna flugferða eða svokallaðra pakkaferða þar sem hótalgisting er innifalin. Hagstofa Íslands birtir upplýsingar um notkun greiðslukorta heimila erlendis eftir mánuðum.

Notkun íslenskra ferðamanna á greiðslukortum erlendis stóð nánast í stað milli árána 2007 og 2008. Árið 2007 greiddu íslensk heimili 38.913 millj. kr. með greiðslukortum sínum erlendis og árið 2008 nam upphæðin 38.664 millj. kr. og lækkaði þannig um 0,6% milli ára. Ef hins vegar er borin saman sú upphæð sem íslenskir ferðamenn greiddu erlendis með greiðslukortum síðustu þrjá mánuði ársins 2007 og 2008 kemur í ljós að upphæðin lækkaði um 39,6% á milli ára.

Greiðslukort, heimili erlendis, millj. kr.				Ferðir Íslendinga frá Keflavíkurflugvelli, fjöldi			
	2007	2008	Breyting		2007	2008	Breyting
Janúar	2.210	2.595	17,4%	Janúar	20.974	31.003	47,8
Febrúar	2.739	3.285	19,9%	Febrúar	19.521	32.471	66,3
Mars	2.800	3.455	23,4%	Mars	35.351	38.635	9,3
Apríl	3.313	3.641	9,9%	Apríl	37.256	34.891	-6,3
Maí	2.992	3.752	25,4%	Maí	39.946	41.568	4,1
Júní	3.192	4.139	29,7%	Júní	54.769	49.073	-10,4
Júlí	2.908	3.556	22,3%	Júlí	49.311	44.396	-10
Ágúst	3.648	3.571	-2,1%	Ágúst	47.357	39.544	-16,5
September	3.409	3.603	5,7%	September	34.804	33.587	-3,5
Október	3.705	2.955	-20,2%	Október	42.549	28.987	-31,9
Nóvember	4.062	1.950	-52,0%	Nóvember	40.943	16.899	-58,7
Desember	3.935	2.162	-45,1%	Desember	29.119	15.533	-46,7
Samtals:	38913	38664	-0,6%	Samtals	451.900	406.587	-10

Heimild Hagstofa Íslands og Ferðamálastofa

Líklegt er að Íslendingar sem ferðuðust erlendis síðustu mánuði ársins 2008 hafi í auknum mæli notað peninga frekar en greiðslukort vegna gengisáhættu. Þannig varð vart við að landsmenn tækju út peninga úr bönkum hér heima áður en þeir færu utan þó vissar hömlur hafi verið á slíkum gjaldeyrisviðskiptum.

Annar mælikvarði á umfang verslunar Íslendinga erlendis eru mælingar Seðlabankans á greiðslujöfnuði við útlönd. Einn liður í því eru tekjur og gjöld vegna ferðalaga milli landa. Við mælingu ferðaútgjalda eru notaðir fleiri þættir en notkun greiðslukorta. Þar á meðal eru kaup einstaklinga á ferðagjaldeyri í íslenskum bönkum. Árið 2007 voru ferðaútgjöld Íslendinga erlendis 84.580 millj. kr. og árið 2008 var þessi upphæð 91.749 millj. kr., jókst þannig um 8,5% á milli ára. Ef hins vegar eru borin saman ferðaútgjöld Íslendinga erlendis á fjórðu ársfjórðungum árána 2007 og 2008, kemur í ljós samdráttur sem nemur 12,3%.

Ferðaútgjöld Íslendinga erlendis, millj kr			
Ársfjórðungar	2007	2008	Breyting (%)
4	23.236	20.372	-12,3%
3	23.728	27.151	14,4%
2	21.597	24.928	15,4%
1	16.019	19.298	20,5%
Alls	84.580	91.749	8,5%

Heimild: Seðlabanki Íslands

2.1 Tax-free verslun Íslendinga erlendis

Samkvæmt upplýsingum frá Iceland Refund er Danmörk eitt þeirra landa sem Íslendingar versla hvað mest í utan landsteinanna, ef marka má endurgreiðslur sem þeir fá vegna kaupa á tax-free varningi þar í landi. Á seinni hluta ársins 2008 varð alger viðsnúningur í verslun Íslendinga þar í landi. Á fyrstu átta mánuðum 2008 jukust þær upphæðir sem Íslendingar keyptu vörur fyrir í Danmörku um að jafnaði 40% hvern mánuð miðað við sömu mánuði árið áður. Síðustu fjóra mánuði ársins varð hins vegar að jafnaði samdráttur um 64% í þeim upphæðum sem Íslendingar eyddu í tax-free verslun.

Hlutfallsbreyting á eyðslu íslenskra ferðamanna í Danmörku 2007/2008

jan	153%
feb	83%
mar	17%
apr	-1%
maí	18%
jún	19%
júl	15%
ág	19%
sep	-19%
okt	-72%
nóv	-83%
des	-82%

Miðað er við upphæðir sem Íslenskir ferðamenn vörðu til kaupa á tax-free vörum og fengu endurgreiðslu af í Danmörku.

Heimild: Iceland Refund.

2.2 Horfur fyrir 2009

Íslendingar hafa löngum haft orð á sér fyrir að vera kaupgláðir á ferðum sínum erlendis en nú er ljóst að verulega hefur dregið úr þeirri neyslugleði. Því má ætla að hluti af þeirri neyslu sem landsmenn greiddu fyrir í útlöndum flytjist hingað heim. Þó er ekki hægt að gera ráð fyrir að allur samdráttur í verslun Íslendinga erlendis flytjist hingað heim, því hér hefur verslun einnig dregist saman í fataverslun og annarri verslun sem ætla má að Íslendingar stundi erlendis.


Erfitt er að áætla tíðni ferða Íslendinga til útlanda á árinu 2009 og ferðaútgjöld í heild. Hún ræðst meðal annars af þróun gengis, kaupmætti, vöxtum og væntingum. Á tveimur fyrstu mánuðum ársins 2009 varð 47% samdráttur í ferðum miðað við sömu mánuði í fyrra samkvæmt upplýsingum Ferðamálastofu og samdráttur í bókunum Íslendinga erlendis með Icelandair er um 50% frá hruni bankanna samkvæmt frétt á mbl.is². Samkvæmt þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins verður verðbólga 13,1% á árinu og einkaneysla mun dragast saman um 24,1%, þannig að gera má ráð fyrir verulegum samdrætti í ferðum erlendis og neyslu innanlands sömuleiðis. Í forsendum sem hér eru notaðar er gert ráð fyrir að samdráttur í ferðaútgjöldum Íslendinga erlendis þróist í takt við samdrátt í einkaneyslu. Þetta viðmið er notað vegna þess að á árabílinu 2000 til 2008 var töluverð fylgni í þróun einkaneyslu og ferðum Íslendinga til útlanda eins og sýnt er á skýringarmyndinni hér að neðan.

Sú spá sem hér er sett fram um áhrifin af breyttum ferðavenjum og auknum tekjum sem þær kunna að leiða til í hér á landi getur brugðið til beggja vona. Þannig gætu tekjurnar orðið meiri hér á landi ef íslenskum ferðamönnum til útlanda fækkar um helming eins og reyndin varð á fyrstu tveimur mánuðum ársins og landsmenn verja peningum sínum frekar í innlenda neyslu. Yfirfærsla á þessum fjármunum til Íslands gæti á hinn bóginn orðið minni en gert er ráð fyrir í spánni, því óvíst er að allir þeir peningar sem Íslendingar hefðu ella varið á

² http://www.mbl.is/mm/vidskipti/frettir/2009/03/04/lanastofnanir_rada_icelandair/

ferðalögum erlendis skili sér í sambærilega neyslu hér á landi. Kaupmáttur hefur minnkað um 9,4% og margir nota tekjur sínar til afborgana af húsnæðislánunum og í brýnustu nauðsynjar frekar en í sambærilega neyslu og heimilin veittu sér undanfarin ár.

Í spánni er til einfölduna gert ráð fyrir að sá hluti þeirra útgjalda sem Íslendingar hefðu ella varið í ferðum erlendis flytjist í innlenda neyslu. Tekið er tillit til þess að verðhækkanir verði 13,1% í samræmi við verðbólguþá. Gera verður þó mikla fyrirvara á þessari áætlun vegna óvissuþátta eins og áður er lýst.



Heimildir: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands

3. Áhrif breyttra ferðavenja á íslenska verslun og þjónustu

3.1 Tekjur af erlendum ferðamönnum á Íslandi

Forsendur:

- Gert er ráð fyrir að erlendir ferðamenn sem hingað koma árið 2009 verji að raunvirði í íslenskum krónum jafn miklu í kaup á vöru og þjónustu innanlands og árið 2008.
- Verðhækkanir innanlands nemi 13,1% frá síðasta ári.
- 20% af útgjöldum erlendra ferðamanna hér á landi sé varið til vörukaupa í verslunum.

Niðurstöður:

- Útgjöld erlendra ferðamanna eru áætluð 58 milljarðar kr. 2009.
- Viðbótarútgjöld frá síðasta ári nema um 7 milljörðum kr.
- Útgjöld erlendra ferðamanna til vörukaupa í verslunum nema 1,4 milljarði kr.

3.2 Tilfærsla á ferða- og verslunarútgjöldum landsmanna til Íslands

Vegna lægri ferðatíðni Íslendinga til annarra landa og lækkunar á útgjöldum Íslendinga í öðrum löndum má ætla að um tilfærslu verði að ræða og að hluta þeirra fjármuna verði varið hér innanlands. Hér eru forsendur og áætlun um þessi áhrif:

Forsendur:

- Samdráttur verði í ferðaútgjöldum Íslendinga erlendis um 24,1% frá síðasta ári.
- Gert er ráð fyrir að raunvirði þessa samdráttar í ferðaúrgjöldum verði varið til neyslu hér á landi.
- Miðað við 13,1% verðbólgu hér á landi 2009.
- 20% af þessum útgjöldum verði varið til kaupa á vörum í verslunum hér á landi.

Niðurstöður:

- Heildarferðaútgjöld Íslendinga erlendis (án fargjalda) árið 2009 verða 69,6 milljarðar kr. og minnka um 22,1 milljarð kr. frá síðasta ári.
- Yfirfærsla á útgjöldum til Íslands verður þá 25 milljarðar kr. sem flytjast hingað til lands ef miðað er við 13,1% verðhækkunir.
- Aukin útgjöld til íslenskrar verslunar gætu því numið um 5 milljörðum kr.

Spáð er að aukin neysla á Íslandi 2009, vegna breytinga á efnahagsástandi og ferðalögum, verði 32 milljarðar kr. Af þeirri upphæð verði 6,4 milljörðum varið til íslenskrar verslunar

Spá um aukin ferðaútgjöld á Íslandi 2009, millj. kr.		
Tegund útgjalda	Alls	Þar af vegna verslunar
Viðbótarútgjöld erlendra ferðamanna á Íslandi 2009	7.000	1.400
Yfirfærsla á útgjöldum sem Íslendingar hefðu ella eytt erlendis	25.000	5.000
Samtals:	32.000	6.400